

## Klippikort á móttökustöðina við Sandskeið



Allir greiðendur sorphirðugjalda fyrir heimili og sumarbústaði, geta nálgast klippikort í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar líkt og á síðasta ári. Klippikort fyrra árs er gjaldgengt þar til það klárast. Með sorphirðugjöldunum fylgir eitt klippikort á ári hverri fasteign. Ef kortið klárast inna árs er hægt að kaupa nýtt kort á kr 12.300.- fyrir heimili og kr 6.150.- fyrir sumarbústaði í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar.

Eitt klipp á klippikortinu er 0,25 rúmmetrar, heildar rúmmetra fjöldi á hverju korti eru 4 rúmmetrar. Einungis er tekið klipp af förmum sem eru gjaldskyldir. Rekstraraðilar fá ekki klippikort afhent en þeir geta keypt sér kort í þjónustuveri og er þá innheimt í samræmi við gjaldskrá Dalvíkurbyggðar.

**Mikilvægt er að allir sem koma með farma á gámavöll séu búnir að forflokka og rúmmálsminnka farminn eins og kostur er. Öðrum kosti má búast við að tekið sé klipp af öllum farminum**

### Gjaldskilt (klippt af korti)

- Blandaður úrgangur
- Heimilisúrgangur
- Grófur úrgangur/Húsgögn
- Lífrænn úrgangur
- Dýrahæ
- Timbur
- Steinefni( gler-mold-múrbrot)
- Garðaúrgangur
- Plast sem ekki eru umbúðir

### Til endurvinnslu (ekki klippt)

- Plastumbúðir
- Bylgjupappi
- Drykkjarfernur
- Dagblöð/tímarit
- Málmar
- Landbúnaðarplast
- Steikingarfeiti
- Raftæki
- Hjólbarðar
- Spilliefni

Steinefni og garðaúrgangur er gjaldfrír (án klipps) sé honum komið af viðkomandi beint í Hrísrarhöfða. En tekið er klipp af korti berist slíkur úrgangur á gámavöll.